

Sp.

94. Tillaga til þingsályktunar

[56. mál]

um endurskoðun laga um lögglumenn.

Flm.: Magnús Jónsson, Jónas G. Rafnar.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga endurskoða gildandi lög um lögglumenn. Skal að því stefnt, að endurskoðun þessari verði lokið fyrir næsta reglulegt þing.

Greinargerð.

Aðalákvæði um skipan lögglumála er að finna í lögum um lögglumenn, nr. 50 12. febr. 1940. Eru þar m. a. settar reglur um hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu lögglukostnaðar, um ríkislögglu og um löggæzlu utan kaupstaða.

Nauðsynlegt er að endurskoða ýmis atriði laga þessara með hliðsjón af fenginni reynslu, einkum þau, sem nefnd eru hér að framan.

Ákvæðin um hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við löggæzlu í kaupstöðum eru ósanngjörn og leiða til misréttis. Er næsta vafasamt að setja það skilyrði fyrir greiðslu ríkissjóðs, að tiltekinn fjöldi lögglumanna sé í kaupstað, enda þótt bæjaryfirvöld telji ekki þörf svo margra löggæzlumanna. Er eyðslan þannig beinlínis verðlaunuð.

Þá er og nauðsynlegt að setja skýrari ákvæði en nú eru um ríkislögglumenn og staðsetningu þeirra.

Á síðustu árum hafa í flestum sýslum landsins verið settar reglugerðir um löggæzlu á samkomum. Er hér um hið mesta nauðsynjamál að ræða. Margar þessar reglugerðir hafa ekki enn fengið staðfestar vegna óljósra ákvæða í lögum um skyldu ríkissjóðs til hlutdeildar í kostnaði við löggæzlu þessa. Nauðsynlegt er, að fullt samræmi sé milli ákvæða um löggæzlu á samkomum í öllum héruðum, og virðist eðlilegast, að skýr ákvæði séu um þetta efni í lögum um lögglumenn, þegar löggæzla þessi er orðin svo almenn.

Loks má á það benda til frekari rökstuðnings fyrir tillögu þessari, að með hverju ári fjölgar þeim stöðum, sem fá sérstaka fjárveitingu í fjárlögum til löggæzlu á vissum tímum árs. Hætt er við, að fjárveitingar þessar séu nokkuð handahófskenndar, því að ógerlegt er fyrir fjárveitinganefnd Alþingis á hverjum tíma að tryggja samræmi og rétt hlutfall í fjárveitingum þessum. Er því nauðsynlegt að reyna að setja fastar reglur fyrir slíkum greiðslum lögglukostnaðar.

Þar sem mál þetta er sameiginlegt hagsmunamál ríkis og sveitarfélaga, þykir eðlilegt, að haft sé samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga við endurskoðun þessa.